

RST-SH-200 Erindisbréf

1. RST-SH-200 er stýrihópur um ÍST HB 200 verkefnið.
 - a. Hópurinn hefur umsjón með verkefninu sem er hugsað sem sjálfbært verkefni við árlega útgáfu handbókar með þýðingum á staðlaröðinni ÍST HD 60364 sem telur um 44 staðla sem eru endurskoðaðir á um 5 ára fresti.
 - b. Verkefnið telst sjálfbært því sölutekjur áskrifta sem stýrihópurinn ráðstafar sjálfur á að standa undir kostnaði við útgáfuna.
 - c. Verkefni hvers árs er stofnað sérstaklega og samþykkt af stjórn Rafstaðlaráðs og rekið eftir verklýsingunni Árleg Útgáfa ÍST HB 200 og felst í að þýða ný skjöl og uppfærð í staðlaröðinni og gefa út fyrir miðjan júní ár hvert nýja útgáfu af ÍST HB 200.
 - d. Stýrihópurinn ákveður hvaða skjöl eru tekin fyrir hverju sinni, hvernig staðið skuli að kynningu á breytingum, söluverði áskrifta og ráðstöfun á sjóð verkefnisins til skyldra verkefna
 - e. Árleg útgáfa ÍST HB 200 heyrir undir SH-200, með þýðingum og útgáfukostnaði.
 - f. Málafni Töflustaðalsins heyra undir SH-200.
 - g. Málafni Raflagna vinnslunotanda heyra undir SH-200
 - h. Starfssemi SN-64 – Spegilnefnd um IEC TC 64 og CENELEC TC 64 heyra undir SH-200
 - i. SH-200 virkar sem tækninefnd sem hefur til umráða tekjur af sölu ÍST-HB-200.
 - j. SH-200 greiðir Staðlaráði fyrir þjónustu við viðskiptavinum vegna ÍST HB 200 sem er 30 tíma vinnu hjá sölufulltrúa Staðlaráðs.
2. Formaður stýrihópsins er: Emil Sigursveinsson
3. Þátttakendur í stýrihópnum við ritun erindisbréfsins eru: Emil Sigursveinsson Verkís tilnefndur af RST, Birgir Ágústsson HMS, Ófeigur Sigurðsson Fulltrúi notenda (sem ætti að skipta út vegna aldurs og verður leitað til Rafiðnaðarskólans með tilnefningu), Snævar Ólafsson Sæplast fyrir SART og Guðmundur Valsson verkefnisstjóri ÍST HB 200 og ritari Rafstaðlaráðs.
4. Skipan stýrihópsins getur Rafstaðlaráð breytt en markmiðið er að hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að þátttöku í stjórnun verkefnisins og er gestum boðið á fundi hópsins s.s. Kristjáni Daníel Sigurbergssyni hjá SART, Þór Pálssyni frá Rafmennt og Andra Rey Haraldssyni frá Rafiðnaðarsambandinu og formanni RST þegar tilefni þykir til.
5. Fundir - miðað er við að hópurinn hittist 1-3 sinnum á ári, a.m.k síðla árs um efnistösk og þegar hyllir undir útgáfu í maí til að fjalla um kynningaráætlun.
6. Hópurinn er skipaður ótímabundið